

Náttúrufræðistofnun Íslands  
Urriðaholtsstræti 6-8  
212 Garðabær

Reykjavík, 28. júní 2024  
UST202406-269/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: umsókn um fararleyfi út í Surtsey-rannsóknarleiðangur 2024**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett, 19. júní 2024, um fararleyfi til Surtseyjar.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 50/2006](#), með breytingum sbr. [auglýsing nr. 468/2011](#). Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir leiðangur vísindamanna til Surtseyjar á tímabilinu 15.-18 júlí 2024. Í leiðangrinum verður unnin flóruúttekt þar sem allar æðplöntutegundir verða skráðar samkvæmt reitaneti eyjunnar og algengni þeirra metin. Þessi úttekt hefur farið fram með tíu ára millibili og er sú fjórða í röðinni. Samhliða verður leitað að nýjum landnemum og stofnstærð hinna sjaldgæfari tegunda í eygni metin. Landnám smádyra verður kannað í eygni en sýnum verður meðal annars safnað í fallgildrum í föstum rannsóknareitum og í tjaldgildru í máfavarpi. Fjöldi fuglategunda sem verpur í eygni verður skráður og hreiður talin við rannsóknareiti. Unnar verða reglubundnar mælingar á vistkerfisvirkni í föstum rannsóknareitum og við valda reiti verða gerðar lýsingar á jarðvegssniðum og sýnum safnað til greininga á rannsóknastofu. Í leiðangrinum verður jafnframt sett upp vefmyndavél en sú sem fyrir er í eygni bilaði í vetur, sinna þarf minniháttar viðhaldi á Pálsbæ, rannsóknaskála Surtseyjarfélagsins, og kanna möguleika á úrbótum á núverandi þyrlupalli. Þá verður rekarusl hreinsað úr fjörum. Leitað verður til Landhelgisgæslunnar með flutning til og frá eygni og einnig til Björgunarfélags Vestmannaeyja ef þörf krefur. Þátttakendur munu fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hreinsun á búnaði áður en farið er í eyna. Í leiðangrinu yrðu 8 aðilar auk eins fréttamanns sem sótti um sérstaklega.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins þar sem um er að ræða reglubundna vöktun á náttúrufari eyjarinnar.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir sitt leyti leyfi til að fara í land í Surtsey og dvelja þar á tímabilinu 15.-18. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir eingöngu fyrir þá aðila sem tilgreindir eru í umsókn umsækjanda.
  - Olga Kolbrún Vilmundardóttir - NÍ, leiðangursstjóri, flóruúttekt, hreiðurtalningar við fasta rannsóknareiti
  - Pawel Wasowicz - NÍ, flóruúttekt, landnám plantna og stofnmat plöntutegunda
  - Járngerður Grétarsdóttir - NÍ, flóruúttekt, skráning varpfuglategunda
  - Matthías S. Alfreðsson - NÍ, landnám smádýra, skráning varpfuglategunda
  - Bjarni Diðrik Sigurðsson - LBHÍ, reglubundnar mælingar á vistkerfisvirkni í föstum rannsóknareitum, viðhald vefmyndavélar
  - Susanne Claudia Möckel - LBHÍ, jarðvegsmælingar og sýnataka við valda rannsóknareiti
  - Kristín Jóhannsdóttir - Eldheimar, aðstoð við fjöruhreinsun og söfnun upplýsinga vegna fræðslu á sýningu um Surtsey í Eldheimum
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þáttakendum í leiðangrinum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður lagt er af stað til eyjarinnar.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær brottför er til Surtseyjar með að minnsta kosti tveggja sólahringa fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám og þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að stýggja ekki ófleyga ungfugla. Einnig skal gæta þess að stýggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyinni.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.

- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrir mælum starfsmanns friðlandsins og leiðangursstjóra vísindamanna.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Sýnataka í Surtsey er eingöngu fyrir þau verkefni sem talin eru upp í verkefnalýsingu og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.

Ef umsækjandi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir umsækjanda að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindra rannsókna sem gætu nýst til fræðslu um svæðið og/eða gagnast við umsjón þess án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Starfsmaður friðlandsins, Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, mun verða með í för í hópnum.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Jón Björnsson  
**sérfræðingur**